

## Fundargerð

199. fundur Heilbrigðisnefndar Norðurlandssvæðis eystra var haldinn miðvikudaginn 14. mars 2018 kl. 13.30 á Furuvöllum 1, Akureyri.

### Dagskrá:

1. **Fundargerð síðasta fundar borin upp til kynningar, samþykkt og undirrituð.**
2. **Sameiginleg umbótaáætlun sveitarfélagsins Skútustaðahrepps og rekstraraðila vegna fráveitumála í Skútustaðahreppi árin 2018-2001; Þorsteinn Gunnarsson sveitarstjóri**

Heilbrigðisnefnd lýsir ánægju með sameiginlega umbótaáætlun sveitarfélagsins Skútustaðahrepps og rekstraraðila vegna fráveitumála í Skútustaðahreppi árin 2018-2001 og samþykkir áætlunina án athugasemda.

### Umsagnir:

1. **Samantekt á leiðum sem Landsvirkjun hefur leitað til þess að draga úr umhverfisáhrifum á Dallæk .**

Þorkell Björnsson heilbrigðisfulltrúi kynnti niðurstöður rannsókna á umhverfisáhrifum Kröfluvirkjunar í Hlíðardalslæk. Heilbrigðisnefnd lýsir ánægju með þá vinnu sem Landsvirkjun hefur lagt í málið skv. lið 2.3.2 í starfsleyfi. Heilbrigðisnefnd hvetur Landsvirkjun til að halda áfram á sömu braut og lágmarka losun mengandi efna (fastra efna og uppleystra) í viðtaka, þ.e. Hlíðardalslæk og Búrfellshraun á næstu tveimur árum, sbr. minnisblað Landsvirkjunar dags. 3. janúar 2018.

2. **Breyting á deiliskipulagi fiskeldisstöðvar Rifóss að Lóni í Kelduhverfi.**

Þorkell Björnsson heilbrigðisfulltrúi kynnti jákvæða umsögn vegna breytingar á deiliskipulagi vegna áforma um eldi á landi og byggingu nýrrar seiðaeldisstöðvar.

3. **Aðalskipulag Skútustaðahrepps. Breyting vegna seyrulosunarsvæðis á Hólasandi.**

Þorkell Björnsson heilbrigðisfulltrúi kynnti jákvæða umsögn um breytingar á aðalskipulagi og vöktunaráætlunar vegna áforma um byggingu og reksturs á móttökustöð fyrir seyr og landgræðsluverkefni á Hólasandi undir stjórn Landgræðslu ríkisins.

### Umsóknir um starfsleyfi:

1. Dondi ehf. kt. 621117-1650, Baldursbrekku 2, starfstöð Héðinsbraut 4, 640 Húsavík. Ölframleiðsla (brugghús). **Samþykkt með fyrirvara um lokaúttekt.**
2. Bragabót ehf, kt. 670801-2250, Árbót 641, Húsavík. Gististaður án veitinga fl II. Endurnýjun. **Samþykkt.**
3. Bjarni Sigurður Aðalgeirsson, kt.090764-7569, Mánárbakka, 671 Tjörnesi. Tjaldssvæði í landi Mánárbakka. **Samþykkt.**

4. Salatsjoppa kt. 641016-0120, Tryggvabraut 22, 600 Akureyri, umsókn um starfsleyfi fyrir skyndibitastað þar sem framleiðsla á salati er í forgrunni. **Samþykkt.**
5. Háey ehf kt. 430216-1630, umsókn um endurnýjun á starfsleyfi fyrir veitingastaðinn Verbúð 66, Sjávargötu 2, 630 Hrísey. **Samþykkt.**
6. Kaffi 600 kt. 491111-0460, umsókn um endurnýjun á starfsleyfi fyrir veitingastaðinn Café Amour, Ráðhústorgi 9, 600 Akureyri. **Samþykkt.**
7. India karry kofi ehf kt. 630507-0810, umsókn um endurnýjun á starfsleyfi fyrir veitingastaðinn šIndian Curry Houseö, Ráðhústorgi 3, 600 Akureyri. **Samþykkt.**
8. Strúturinn ehf kt. 681015-4340, umsókn um endurnýjun á starfsleyfi fyrir matsöluvagn (skyndifæði, s.s. pizzur og djúpsteiktur kartöflur), Ráðhústorgi, Akureyri. **Samþykkt.**
9. Hagkaup kt. 430698-3549, verslun með matvöru og sérvöru, umsókn um endurnýjun á starfsleyfi, Furuvöllum 17, 600 Akureyri. **Samþykkt.**
10. Te og kaffi-Akureyri kt. 530484-0179, umsókn um endurnýjun á starfsleyfi, Hafnarstræti 91-93 600 Akureyri. **Samþykkt.**
11. BSB og synir ehf kt. 660413-1380, umsókn um starfsleyfi fyrir bifreiðaverkstæði, Strandgötu 49, 600 Akureyri. **Samþykkt með fyrirvara um lokaúttekt.**

#### Önnur mál:

-Almenn umræða varð um áform um stórfellt fiskeldi í sjó fram og mikilvægi skipulags, burðarþolsrannsókna, mengunarvarna og starfsleyfisráða Umhverfisstofnunar vegna slíkra áforma.

-Fleira ekki fært til bókar og fundi slitið kl. 16.00

---

Linda María Ásgeirsdóttir

---

Alfreð Schiöth

---

Lára Halldóra Eiríksdóttir

---

Þorkell Björnsson

---

Hólmfríður G. Jónsdóttir

---

Þórey Agnarsdóttir

---

Kristín Halldórsdóttir

---

Jón Torfi Halldórsson